

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 14. maí 1972 og skírt var B 8. mars 1973, greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 52.595, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflutningsþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 30.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 106/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kristni Pálmasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og eru brot þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu hennar og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Staðfesta her ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og vaxta af þeim að öðru leyti en því, að vextir verða ekki

dæmdir af afsagnarkostnaði, samtals 2.900 krónur (kr. 1.450x2), vegna þeirra tveggja 100.000 króna víxla, er greinir í héraðsdómi.

Þá er ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda hans, 40.000 krónur.

Það athugast, að í niðurstöðum héraðsdóms, B. I. og B. II., er getið um sölu 100.000 króna „tékka“ og notkun „tékka“ að sömu fjárhæð. Í tilvikum þessum báðum var um víxil að ræða, en ekki tékka.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 8 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og vaxta af þeim eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að vextir reiknast ekki af afsagnarkostnaði, 2.900 krónum, tveggja 100.000 króna víxla.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 118/1977:

Ákærvaldið gegn Ólafi Kristni Pálmasyni, sem tekið var til dóms (sic).

Með ákæru, dags. 27. f. m., hefur opinbert mál verið höfðað gegn Ólafi Kristni Pálmasyni, Ólafsvík, fæddum 19. apríl 1957 í Vestmannaeyjum, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa falsað nafnrítanir Harðar Sigurjónssonar sem útgefanda á víxil að upphæð kr. 80.000, útgefinn 10. maí 1976, með gjalddaga 10. júlí sama árs, sem ákærði hafði sjálfur samþykkt og seldi Útvegsbanka Íslands í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Þá hefur annað opinbert mál verið höfðað gegn ákærða, Ólafi Kristni Pálmasyni, með ákæru, dags. 7. þ. m., „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot.

I.

Skjalafals og fjársvik með því að selja hinn 3. júní 1976 í Háaleitisútbúi Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð kr. 100.000, er ákærði hafði sama dag heimildarlaust gefið út í nafni Árna Sigurvínssonar, Krossi, V-Barðastrandarsýslu, en samþykkt til greiðslu 3. september 1976 með nafninu Kristinn Eyjólfsson, Eski-hlíð 16, Rvk., þ. e. síðara nafni sínu og fyrra nafni föður síns, en þau nöfn notar ákærði ekki, nota síðan andvirði víxilsins til stofnunar ávísanareiknings nr. 2354-1 við Búnaðarbanka Íslands og gefa út eftirtaldar ávísanir á þann reikning með nafninu Kristinn Eyjólfsson:

1. Nr. 302097, kr. 10.000, gefin út 14. júní 1976 til handhafa. Framseld með nafninu Kristinn Eyjólfsson, Eski-hlíð 16, í útibúi Búnaðarbanka Íslands við Hlemm.
2. Nr. 302099, kr. 1.200, gefin út 15. júní 1976 til Bæjarnestis. Notuð til greiðslu í Bæjarnesti.
3. Nr. 302601, kr. 30.000, gefin út 15. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eski-hlíð 16, nafnnúmer 6681-2042, í Melaútbúi Búnaðarbanka Íslands.
4. Nr. 302605, kr. 1.000, gefin út 15. júní 1976 til Bæjarnestis. Notuð til greiðslu í Bæjarnesti.
5. Nr. 302608, kr. 300, gefin út 16. júní 1976 til handhafa. Notuð til greiðslu í verzluninni Tvistur, Lokastíg 28.
6. Nr. 302613, kr. 700, gefin út 17. júní 1976 til Bæjarnestis og notuð til greiðslu þar.

7. Nr. 302617, kr. 15.000, gefin út 17. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eskihlíð 16, sími 22948, í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands.
8. Nr. 302618, kr. 20.000, gefin út 18. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eskihlíð 16, sími 22948, í Búnaðarbanka Íslands við Hlemm.
9. Nr. 302623, kr. 2.000, gefin út 21. júní 1976 til Bæjarnestis og notuð til greiðslu þar.

Þykir ákærði með framangreindri háttsemi hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Skjalafals, framið í Reykjavík 10. júní 1976, með því að selja Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð kr. 100.000, er ákærði hafði heimildarlaust gefið út í nafni Samsonar Samsonarsonar, Hvammsvík, Kjós, en samþykkt til greiðslu 11. júlí 1976 með eigin nafni.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Eftirfarandi fjárkröfur hafa verið hafðar uppi á hendur ákærða í máli þessu:

1) Útvegsbanki Íslands: 80.000 kr. ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. júlí 1976 til greiðsludags, auk þess málskostnaður skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

2) Búnaðarbanki Íslands: 100.000 kr., afsagnarkostnaður 1.450 kr. og dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 3. sept. til 20. nóv. 1976 og frá þeim degi 2½% dráttarvextir til greiðsludags svo og sakarkostnaður..

Sami banki: 100.000 kr., afsagnarkostnaður 1.450 kr. og 2% mánaðarvextir frá 11. júlí 1976 til greiðsludags svo og sakarkostnaður.

3) Búnaðarbanki Íslands, Austurbæjarútibú: 10.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 14. júní 1976 til greiðsludags.

4) Sigurveig Lúðvíksdóttir, Barðaströnd 43, Seltjarnarnesi: 4.900 kr.

5) Sveinn Jónsson, Frakkastíg 12: 300 kr.

Málsatvik.

A. (Ákæra 27. jan. sl.). Í maí sl. seldi ákærði Útveggsbanka Íslands víxil að fjárhæð 80.000 kr. Víxill þessi er dagsettur 10. maí, með gjalddaga 10. júlí, samþykkjandi Kristinn Pálmason og útgefandi og framseljandi Hörður Sigurjónsson, Álftahólum 4. Ákærði hefur kannast við það, að hann hafi í heimildarleysi ritað nafn Harðar á víxil þennan, en hann þekkir Hörð nokkuð. Þá notaði ákærði síðara nafn sitt (Kristinn), en sleppti Ólafsnafninu, sem hann annars notar ávallt.

Ákærði kveðst hafa gert sér vonir um, að hann gæti greitt víxilinn á gjalddaga, þannig að ekki kæmist upp um falsið, en sú von hafi brugðist. Víxillinn er ennþá ógreiddur.

B. (Ákæra 7. febrúar).

I. Í júnímánuði f. á. seldi ákærði Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð 100.000 kr. Víxillinn er dags. 3. júní, með gjalddaga 3. sept., samþykkjandi Kristinn Eyjólfsson, en útgefandi og framseljandi Árni Sigurvinsson, Krossi, Barðastrandarsýslu. Ákærði kannast við, að hann hafi ritað víxil þennan að öllu leyti. Við ritun á nafni samþykkjanda hafi hann notað síðara nafn sitt og einnig síðara nafn föður síns, en ákærði notar almennt Ólafsnafnið og ritar nafn sitt Ólafur Pálmason eða Ólafur Kristinn Pálmason. Sem útgefanda tilgreindi ákærði í heimildarleysi frænda sinn Árna Sigurvinsson. Ákærði lét andvirði víxilsins ganga til stofnunar á ávísanareikningi í Háaleitisútibúi Búnaðarbankans. Gaf hann þá einnig upp nafnið Kristinn Eyjólfsson. Hann kveðst hafa fengið sér þrjú tékkahefti. Er það í samræmi við yfirlit yfir reikninginn, sem sýnir, að alls hafi 71 tékki verið greiddur út af reikningnum að fjárhæð samtals 256.800 kr. Innlegg á reikninginn hefur verið 95.510 kr. (væntanlega víxilfjárhæðin að frádregnum forvöxtum). Tékkar að fjárhæð 161.400 kr. eru færðir til baka á reikningnum, væntanlega innheimtir hjá framseljendum. Þegar sú fjárhæð og innleggið er dregið frá heildarfjárhæð tékkanna, kemur út innstæða á reikningnum, 110 kr., og er það í samræmi við yfirlitið.

Eins og áður er lýst, tekur ákæra einungis til 9 tékka, sem fram hafa komið í málinu. Er þeim öllum rétt lýst í ákærunni. Þeir eru að sjálfsögðu allir undirritaðir nafninu Kristinn Eyjólfsson. Tékkana notaði ákærði alla í staðgreiðsluviðskiptum, sem rétt er lýst í ákærunni.

Meðan á rannsókn stóð, greiddi ákærði Austurbæjarútibúi Búnaðarbankans bætur fyrir annan tékkann, sem hann seldi þar,

20.000 kr. (ákærul. I. 8.) og Melaútibúi Búnaðarbankans 45.000 kr. (ákærul. I. 3. og 7.).

II. Í júnímánuði 1976 notaði ákærði 100.000 króna víxil, samþykktan af ákærða sjálfum, en talinn útgefinn og framseldan af Samson Samsonarsyni, Hvammsvík, Kjós, til þess að framlengja eldri víxilskuld við bankann. Er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hafði falsað nafn Samsonar, sem hann kveður vera tengdaföður sinn, á víxil þennan.

Niðurstöður.

A. Með notkun 80.000 kr. víxils með falsaðri nafnritun (Hörður Sigurjónsson) hefur ákærði unnið til refsingar skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B.I. Sama ákvæði hefur ákærði brotið með því að selja Búnaðarbankanum 100.000 kr. tékka (sic) með nafnritunum Kristinn Eyjólfsson og Árni Sigurvinsson. Um fyrri nafnritunina er þess að gæta, að um fölsun er að ræða, þótt ákærði noti þar síðara nafn sitt og fyrri nafn föður, þar sem hann ritar nafn sitt annars ekki með þeim hætti, og er ljóst, að nafnið ritaði hann þannig í blekkingarskyni. Sömuleiðis eru allir tékkar þeir, sem taldir eru í 1.—9. lið, undirritaðir á sama hátt og teljast því falsaðir. Notkun þeirra varðar þannig einnig við 155. gr. hegnl. og þá ekki jafnframt við 248. gr. (155. gr. tæmir sök).

B.II. Notkun 100.000 króna tékka (sic) með falsaðri nafnritun Samsonar Samsonarsonar varðar einnig við 155. gr. hegnl.

Samkvæmt vottorði sakaskrár hefur ákærði ekki sætt neinum kærum né refsingum fyrr, nema einni sekt fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegnl. ákveðin fangelsi 6 mánuði. Enda þótt ákærði eigi ekki brotaferil að baki, eru þó ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna, og kemur hvort tveggja til, að brot ákærða eru stórfelld og hann hefur einungis að litlu leyti bætt tjón af brotunum.

Kröfur þær, sem lýst hefur verið og ákærði hefur samþykkt allar, verða teknar til greina, nema hvað málskostnaður verður ekki dæmdur.

Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 6 mánuði.
Ákærði greiði:

1. Útvegsbanka Íslands 80.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 10. júlí 1976 til greiðsludags.

2. Búnaðarbanka Íslands 100.000 kr. og afsagnarkostnað, 1.450 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 3. sept. til 20. nóv. 1976, en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, enn fremur 100.000 kr. og afsagnarkostnað, 1.450 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 11. júlí 1976 til greiðsludags.

3. Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, 10.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 14. júní 1976 til greiðsludags.

4. Sigurveigu Lúðvíksdóttur 4.900 kr.

5. Sveini Jónssyni 300 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.
